



Mosfellsbær

b/t Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri
Þverholti 2,
270 Mosfellsbæ

Varðar: Tillaga og greinargerð

Ágætu bæjarráðsmenn

Með vísan í erindi mitt til bæjarráðs Mosfellsbæjar, dags. 5. september 2019 sl., er lögð fram eftirfarandi tillaga ásamt greinargerð: „**Lagt er til að Heilbrigðiseftirliti Kjósasvæðis verði falin úttekt á asbesti í húsnæði Mosfellsbæjar og þá sérstaklega í leik- og grunnskólum bæjarins.**“.

Greingargerð með framangreindri tillögu:

Um þessar mundir og síðari ár hefur húsnæði í Mosfellsbæ, t.a.m. skóla- og íþróttahúsnæði, verið haldið við og því sinnt eins og efni hafa staðið til hverju sinni. Sumar eldri byggingar eru komnar til ára sinna og hafa þurft á miklu viðhaldi að halda eðli máls samkvæmt.

Nýlega hefur undirrituðum borist upplýsingar og heyrt af því að líkur séu á að asbest sé að finna í einhverjum mæli í byggingarefni sem notuð hafa verið í húsnæði sem er í eigu Mosfellsbæjar. Til glöggvunar á málinu er látinn hér fylgja með dómsúrskurður Hæstaréttar Íslands nr. 333/2010 þar sem í raun er staðfest að a.m.k. í einu húsnæði Mosfellsbæjar séu sterkar líkur á að sé enn að finna asbest. Mikilvægt er að úr þessu sé skorðið með úttekt og eftir atvikum rannsókn nema að fyrir liggja staðfest, hjá bæjaryfirvöldum, Vinnueftirliti ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Kjósasvæðis eða hjá öðrum er mál af þessum toga varðar, að asbest hafi verið fjarlægð þar sem það hefur verið notað sem byggingarefni fyrir á tíð þegar tíðkaðist að nýta þetta að hluta til eða heild í húsnæði á Íslandi.

Það er þekkt að asbest, sé vel frá því gengið og er í stöðugu ástandi, valdi ekki tjóni en einnig er það þekkt að kortleggja verði vel hvar það er að finna í húsnæði og vera bæði með viðbragðsáætlun og viðhaldsáætlun varðandi aðeins það efni eitt og sér þar til að það hefur verið fjarlægð úr húsnæði.

Mikilvægt er einnig að starfsfólk og aðrir sem nýta húsnæðið hafi vitneskju um tilurð þessa efnis og sé leiðbeint að umgangast það. Einnig er mikilvægt að sé þetta efni til staðar í byggingum Mosfellsbæjar, þ.e. í eigu bæjarins, að unnið verði markvisst að því að uppfylla tilsvarende skilyrði varðandi þetta efni og gera bæði rástafanir eins og að framan greinir og eftir því sem helstu sérfræðingar, sem þekkja vel til, leggja áherslu á.

Því og þess vegna er lagt til að Heilbrigðiseftirlit Kjósasvæðis, sem fer með málefni varðandi m.a. eiturefna- og heilbrigðiseftirlit, hollustuhætti og mengunarvarnir og önnur mál af þeim toga, verði falið að láta gera úttekt og gefa umsögn varðandi framangreint efni í húsnæði í eigu Mosfellsbæjar, og eftir atvikum í leigu Mosfellsbæjar og í notkun til að þjónusta íbúa bæjarins. Með því má tryggja að til sé yfirlit yfir það húsnæði sem asbest er að finna og hvar í því húsnæði það er að finna. Mikilvægt er að úttekt sé unnin bæði vel og tryggt að niðurstöður liggja fyrir eins fljótt og nokkur kostur er.

Mosfellsbæ 12. september 2019

Virðingarfyllt,

Sveinn Óskar Sigurðsson

Fulltrúi Miðflokksins í bæjarstjórn og

1. varaforseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

Afrit á:

Bæjarfulltrúa og fulltra Miðflokksins í
nefndum og ráðum Mosfellsbæjar.